

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 31. ágúst 1975.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 31. ágúst 1975:

Vélskelflett rækja.	Ísl. kr. á lb. Cif.
10 × 4 × 1 lb. blokkfryst .....	308.20
24 × 1 lb. blokkfryst .....	321.30
24 × 450 gr. sérfryst .....	321.30
6 × 2 kg., 5 × 2 kg. og 4 × 2 kg. sérfryst .....	321.30
4 × 2,5 kg. sérfryst .....	321.30
2 × 5 kg. sérfryst .....	321.30
4 × 7 kg. sérfryst .....	321.30
1 × 25 lbs. sérfryst .....	321.30
15 × 200 gr. sérfryst .....	326.70
Í saltlegi .....	308.20

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðist við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði. Komi til greiðslu úr sjóðnum, verður hún ekki meiri en sem svarar innstæðu í honum.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 26. júní 1975.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Kristín Magnússon.*

25. júní 1975.

Nr. 318.

## REGLUGERÐ

um Guðfræðistofnun Háskóla Íslands.

1. gr.

Guðfræðistofnun Háskóla Íslands starfar við guðfræðideild Háskóla Íslands.

2. gr.

Hlutverk Guðfræðistofnunarinnar er:

1. Að vera vísindaleg rannsóknastofnun í guðfræði.
2. Að vera vísindaleg kennslustofnun í guðfræði fyrir kandidateita og stúdentana, er vinna að fræðilegum verkefnum, sem sinnt er í stofnuninni, eftir nánari ákvörðun stjórnar stofnunarinnar.
3. Að vera með sama hætti, eftir því sem aðstæður leyfa, vísindaleg rannsókn-, þjónustu- og kennslustofnun í greinum, sem skyldar eru guðfræði eða stunda ber í guðfræðideild.